

Professional Täckplast

Fylligrunnur

Efnislýsing

Professional Täckplast er almattur, vatnsþynnanlegur fylligrunnur, ætlaður fyrir sandspartlaða og steinsteypta fleti, múr og byggingarplötur af ýmsu tagi þar sem óskað er eftir almöttu yfirborði.

Professional Täckplast grunnurinn hefur ágæta þekju og getur staðið einn og sér þar sem ekki er gerð krafa um þvotteiginleika. Hann hentar vel á vegg og loft í vöruhúsum, kjöllurum, verkstæðum, verksmiðjum og álíka einföldum rýmum.



Meðhöndlun

1. Mikilvægt er að flöturinn sé vel bundinn, harðnaður og laus við ryk, fitu og önnur óhreinindi. Illa bundið undirlag skal grunna með Professional Microdispers.
2. Ómeðhöndlað undirlag skal mála 2-3 umferðir með Professional Täckplast ef grunnurinn á að standa einn og sér.
3. Áður málaða fleti skal hreinsa með Original Málartvätt og matta þarf gljáandi fleti með sandpappír. Málið 1-2 umferðir af Professional Täckplast.

Málið ekki ef hitastig er undir 5°C.

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússon eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir eða gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal vinna í vel loftræstu rými. Notið hlífðarbúnað (öndunargrímur) ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Lokið dósinni vandlega. Þrifið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.

Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss

Tegund: Latex þeyta

Gljástig: Almatt 2

Þurrktími: Við 23°C/50% raka, 1 klst

Yfirmálgun: 2 klst

Hiti við málgun: Lágmark +5°C

Rakastig: 40-80%RF

Þynning: Vatn

Verkfæri: Penslar, rúllur, málningarsprautur

Þekja: 2-5 m²/l

Umbúðir: 10 lítra dósir

Stofn: Hvítur

Hreinsun: Sápuvatn

Geymsla: Í frostlausu rými

Rokgjörn lífræn efni (VOC (fl. A/a) 30 g/l):

Inniheldur mest 1 g/l